

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var bifreiða-, ferða- og risnukostnaður ríkisins árin 2000 og 2001, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum, og hver hefur raunhækkun orðið milli þessara ára, sundurliðað á sama hátt?
2. Hver hefur raunhækkun framangreindra kostnaðarliða orðið síðustu fimm ár samanborið við neysluverðsvísitölu, annars vegar í prósentum og hins vegar fjárhæðum og sundurliðað milli bifreiða-, ferða- og risnukostnaðar?

Skriflegt svar óskast.